

ÍMÚR milligróf hraðmúrblanda

NOTKUNARSVIÐ:

Milligróf hraðmúrblanda hentar til múrhúðunar, viðgerða á múrhúð o.fl. Blönduna er hægt að nota bæði úti og inni.

EFNISLÝSING:

Milligróf hraðmúrblanda er sementsbundin múrblanda tilbúin til notkunar, aðeins þarf að bæta í hana réttu magni af vatni. Blandan er vatnsheldin, þ.e. nýútlögð múrhúð þornar (tapar vatni) mun hægar en blanda sem ekki er vatnsheldin.

BLÖNDUN:

Notkun með blöndunarvélum: Notið ekki meira vatn en þjálni krefst.

Notkun með belghrærivélum: Notið uppgengið magn af vatni en hrærið blönduna þar til þjálni er nægjanleg miðað við uppgengið vatnsmagn.

NOTKUN:

- Alltaf þarf að miða múrvinnu við ytri aðstæður. Forðast þarf veðurskilyrði þar sem fer saman sólskin og mikill vindur.
- Undirbúa þarf fleti á viðeigandi hátt. Annað hvort þarf að bleyta þá eða grunna með ÍMÚR múrgrunni
- Ef fletir eru bleyttir eiga þeir að vera sem næst rakamettaðir en samt yfirborðspurrir þegar viðgerð hefst.
- Ef grunnað er með ÍMÚR múrgrunni þarf grunnurinn að taka sig vel eða þorna áður en húðað er. Gleypna fleti getur þurft að grunna tvisvar. Grunnurinn þarf að þorna milli umferða.
- Milligrófa hraðmúrblöndu á ekki að nota við hitastig undir +5°C.
- Nýútlagðan múr skal verja fyrir of hraðri útpornun.

HREINSUN:

Best er að þrifa verkfæri og áhöld upp úr volgu vatni strax eftir notkun.

GEYMSLA OG UMBÚÐIR:

Milligrófa hraðmúrblöndu á að geyma á þurrum stað. Umbúðastærð er 25 kg poki.



TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR:

Brýstíþol	eftir 28 daga	20 MPa
Beygjutogþol	eftir 28 daga	5 MPa
Vatnsþörf	0,160 l/kg	
Þurrefnþörf pr. m ² miðað við 1 cm lag		17 kg
Mesta kornastærð	1,2 mm	

AÐHLÚUN:

Nýútlagðan múr skal verja fyrir of hraðri útpornun, sérstaklega fyrsta sólarhringinn. Halda þarf múrhúð rakri fyrstu dagana eftir húðun ef þurrkur er mikill.

ÖRYGGI:

Sementsblönduð efni hafa basíska verkun og leysa því upp húðfitu. Verja skal húð og augu með viðeigandi hlífðarbúnaði. Í öllum ÍMÚR blöndum er járn-súlfat til varnar krómexemi.

September 1999

